





Mat á virkni SARS-CoV-2 sýkinga með mótefnamælingum

Ef veiruleit á landamærum leiðir í ljós SARS-CoV-2 smit þarf að meta hvort um virka sýkingu er að ræða eða ekki með mótefnamælingu. Við sýnatöku til mótefnamælingar í slíkum tilvikum þarf að senda sýni bæði á Landspítala og til Íslenskrar erfðagreiningar. Athugið að smitsjúkdómalæknar Landspítala óska eftir því að sent sé nýtt háls-/nefkoksstrok fyrir veiruleit hjá LSH við sama tækifæri sem nýtist til mats á smithættu ef mótefni eru neikvæð.

Fylgja þarf eftirfarandi leiðbeiningum við sýnatöku og frágang sýnis:

- Sýnatökuglös og geymsluglös skal merkja með límmiða með nafni og kennitölu/gervikennitölu sem til varð vegna jákvæðs sýnis auk dagsetningar sýnatöku.

Blóðsýni til sýkla- og veirufræðideildar:

- Með sýni sem sent er til sýkla- og veirufræðideildar LSH skal senda [beiðni](#) eða skrá beiðni í CyberLab (merkja við [] *Staðfesting landamæraskimun (COVID-19)* sem er undir liðnum: *Önnur blóðvatnspróf – EIA*).
- 5 ml heilblóð, rauður tappi með geli (gul miðja)  eða án gels  □ Sýni þarf ekki að spinna niður fyrir sendingu.
- Sendist beint á sýkla- og veirufræðideild í Ármúla 1a, ef töf verður á sendingu skal geyma sýnin í kæli.

Sýni sendist til:

- Sýkla- og veirufræðideild Landspítala
Ármúla 1a
108 Reykjavík

Blóðsýni til Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE):

- 5 ml heilblóð – glas með rauðum tappa, velta 4 sinnum
- Sýni sent á ís eða í kæliboxi til ÍE innan sólarhrings (eða eins fljótt og hægt er) ○ Ef sýni er sent til ÍE innan sólarhrings þarf ekki að taka sermi ofan af en geyma skal sýnið í kæli. Ef lengri tími líður en sólarhringur frá sýnatöku þar til sýni verður komið til ÍE skal sermi tekið ofan af og sett í geymsluglas (gjarnan með skrufþappa með gúmmíhring)

Sýni sendist til:

- Íslensk erfðagreining
b.t. Jónu Sæmundsdóttur
Sturlugötu 8
101 Reykjavík

Frekari upplýsingar veita:

Sóttvarnalæknir svl@landlaeknir.is, s. 510 1900

[Sýkla- og veirufræðideild LSH](#), s. 543 5900

Jóna Sæmundsdóttir jona.saemundsdottir@decode.is, gsm 664 1965